

# Pési



## Lesið þetta

- Er betra að búa í dreifbýlinu
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Atvinna
- Fundir

Næsti Pési kemur út 13. mars. Skil á efni er 10.mars

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Söng- skemmtun	11
Skúli	13
Skúli	12
Körfuboltinn	20
Leiksyning	23

## Mars 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 225. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

## Blálækir námsefni í Háskóla Íslands

Dr. María Jóna Gunnarsdóttir, prófessor í Háskóla Íslands hafði samband við Hannibal Kjartansson, veitustjóra og fékk allar upplýsingar um vatnsveitu okkar og virkjun neysluvatns í Blálækjum í Fagradal og þeirri aðferðafræði sem unnið var eftir. Eins og þeir íbúar sem tengdir eru Vatnsveitu Flúða vita, varð mikil breyting á vatnsgæðum við virkjun vatnsbólanna í Blálækjum en í vor er ætlunin að sækja enn meira vatn á þetta svæði. Við fáum seint fullpakkað landeigendum á Berghyl og Jötu fyrir að fá að nýta þessa auðlind sem gerbreytti neysluvatns búskap á þessu mikla matvælaframleiðslusvæði. Gögnin eru byggð á samantekt um innra eftirlit Vatnsveitu Flúða frá árinu 2007 og eru nú meðal kennslugagna sem Dr. María Jóna nýtir við kennslu í Háskóla Íslands. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Samorka áttu sinn þátt í samantekt gagnanna ásamt veitustjóra og Veitustjórn Hrunamannahrepps.



Leikskólinn á Öskudagsskemmtun í Golfskálanum Efra Seli

Ljós m.: Sig Sigm

Er betra að búa í dreifbýlinu?

Við veltum stundum fyrir okkur hvort betra sé að búa í dreifbýlinu eða í þéttbýlinu. Í sveitinni, borginni, kaupstaðnum eða kauptúninu. Þarfir okkar mannanna eru jafn mismunandi og þær eru margar. Ég hef átt þess kost að búa í höfuðborginni, sjávarkaupstað á Vesturlandi, skólasetri í Borgarfirðinum, hér á Flúðum í Hrunamannahreppi svo ekki sé talað um Hvolsvöll, þar sem ég er fæddur og uppalinn flutti svo á brott sem unglingur og fluttist aftur í heimahagana sem fullorðinn maður með fjölskyldu. Auk þess sem ég dvaldi um tíma í Danmörku. Líðan okkar helgast að sjálfsögðu af heilsufari, vinnunni og þeim viðfangsefnum sem við fáumst við dags daglega. Ég skammast mín stundum fyrir að viðurkenna að mér fór ekki að þykja verulega vænt um heimaslóðir mínar fyrr en ég hafði búið í Danmörku. Þá loks opnuðust augu mín og ég sá í raun kosti og galla mismunandi búsetu. Það eru á vissan hátt forréttindi að fá slíkt tækifæri.

Við lifum ótrúlega tíma um þessar mundir á Íslandi. Hrun efnahagslífsins hefur mikil áhrif á samfélagið, það á jafnt við um heimilishald, fyrirtækjarekstur, rekstur sveitarfélaga og rekstur ríkisins. Óvissan nagar okkur og stolt þjóðarinnar og orðspor hefur hnignað til muna. Frelsið sem við þráum í rauninni öll, birtist okkur í andhverfu sinni þar sem menn hafa misnotað það með ægivaldi peninganna. Til eru ráðamenn sem töldu það sér helst til tekna, þegar farið var yfir stjórn málaferilinn, að þeir hefðu fært valdið frá Alþingi til athafnamanna. En örfáir athafnamanna hafa hins vegar farið afar illa með frelsið og það vald sem þeim var fært upp í hendurnar og hafa kollvarpað efnahagskerfi Íslands. Stundum var talað um að athafnamenn hefðu gert meira fyrir íslenska alþýðu en verkalyðshreyfingin sjálf. Við gerðum okkur hins vegar ekki grein fyrir því að þó við keyptum af þeim rúsinupakka sem e.t.v. var 10 kr. ódýrari en í næstu búð, að þá veðsettu þeir okkur á sama tíma fyrir gróðann og meira til á erlendri grundu. Það sem alvarlegast er, er að íslensk alþýða mun síðan borga brúsann af hruninu. Við megum hins vegar ekki gleyma því að án athafnamanna verða ekki miklar framfarir og sem betur fer er enn til gnótt af athafnamönnum sem vonandi eiga eftir að haga sér á ábyrgan hátt. Leikreglurnar verða hins vegar að vera skýrar og gegnsæjar. Ég hef það sterkelega á tilfinningunni að höfuðborgarbúarnir upplifi hina svokölluðu kreppu og efnahagshrun enn sterkar en við gerum hér í dreifbýlinu. Einstaklingarnir í þéttbýlinu eru oft mun einangraðri en einstaklingar í dreifbýlinu. Samkenndin er í flestum tilfellum meiri í dreifbýlinu en í þéttbýlinu. Samkennd og hópefli endurspeglast vel á jafn vel heppnaðri og vel skipulagðri samkomu og hjónaballinu sem var hér um síðustu helgi. Á tímum sem þessum verðum við að fylgjast vel með velferð íbúanna. Við treystum því að öll él stytti upp um síðir, birtan og vorið eru á næsta leyti og vonandi komumst við fljótt út úr þessum óvissutímum.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

### **Ekki nýtt að þingmaður komi frá Syðra- Langholti**

Sigurður Ingi Jóhannsson oddviti okkar Hrunamanna kom sá og sigraði í orðsins fyllstu merkingu í póstkosningu Framsóknarmanna um s.l. helgi. Það er afrek að ná jafn glæsilegum árangri á jafn skömmum tíma og Sigurður Ingi gerði. Á þessari stundu er ekki ljóst hvernig verður með þau trúnaðarstörf sem Sigurður Ingi hefur innt af hendi fyrir hreppinn enda stutt síðan ljóst var með úrslit póstkosninganna. Sigurður Ingi býr í Syðra Langholti en þar bjó eitt sinn þingmaðurinn Magnús Andrésón. Andrés var ættaður frá Birtingaholti og var þingmaður frá 1852-1864 en hann var afi Ágúst Helgasonar frá Birtingaholti sem var landskjörinn þingmaður 1926 og Magnúsar Andrésónar 1881-1885 alþingismaður Mýramanna. Nú er bara að vita hvort Sigurður Ingi nái þeim frama að verða þingmaður Sunnlendinga en líkurnar í augnablikinu eru meiri en minni!

### **Almannavarnarnefnd**

Á síðasta Héraðsnefndarfundum var ákveðið að í Árnessýslu starfaði ein Almannavarnarnefnd. Formaður nefndarinnar er bæjarstjórinn í Árborg, Ragnheiður Hergeirsdóttir. Sveitar- og bæjarstjórar sitja í nefndinni sem fulltrúar viðkomandi hreppa eða bæjarfélaga. Auk þess eru í nefndinni fulltrúar lögreglunnar, sýslumaður, yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn, auk fulltrúa Rauða krossins og Landsbjargar. Í vikunni voru fulltrúar nefndarinnar í vettvangsferð m.a. hjá Björgunarfélaginu Eyvindi hér á Flúðum þar sem vel var tekið á mótum hópnum og var sveitarstjóri Hrunamannahrepps stoltur af sínu fólki í björgunarfélagshúsinu. Á síðasta hreppsnefndarfundum var gengið frá nýjum samstarfssamningi Björgunarfélagsins Eyvindar og sveitarfélagsins.

### **Líf í Kiwanismönnum**

Kiwanisklúbburinn Gullfoss sem starfað hefur hér í uppsveitunum í liðlega 20 ár, hefur í gegnum tíðina látið mjög margt gott af sér leiða. Hann hefur styrkt mörg góð málefni, nú síðast unglingadeildina Skúla. Félagar í Gullfossi hafa einnig verið vikur í landgræðslustarfi á afréttinum. Eitt af kjörorðum Kiwanismanna er „börnin fyrst og fremst“. Helstu fjáröflunarleiðir Kiwanismanna eru sala á jólastjörnu fyrir jólin og á K-lyklinum. Yfir vetrarmánuðina eru haldnir tveir fundir í mánuði, ýmist á Selfossi eða í Golfskálanum á Efra-Seli. Kiwanismenn hvetja nýja menn til þess að taka þátt í þeirra góða starfi, enn starfa í klúbbnum nú af stofnfélögunum. Allt félagsstarf af þessu tagi styrkir samfélagið. Kiwanisklúbbnum er þakkað þetta góða framtak.

## **Breytingar á ferðapjónustunni í Syðra-Langholti**

Um árabíl hafa hjónin Hrafnhildur og Jóhannes Sigmundsson rekið myndarlega ferðapjónustu í Syðra-Langholti. Jóhannes hefur verið mjög virkur í félagsstarfi ferðapjónustunnar á Íslandi m.a. setið í Ferðamálaráði og verið einn af forvígismönnum Ferðamálasamtaka Suðurlands. Synir þeirra og tengdadóttir þau, Sigmundur, Snorri og Vigdís Furusest hafa nú tekið við rekstri ferðapjónustunnar í Syðra-Langholti. Nú stendur yfir endurnýjun á húsnæðinu og verður það tilbúið þegar mesta törnin hefst í vor. Sigmundur rekur einnig hestaleigu í Syðra Langholti. Þar má sjá og prófa margan gæðinginn sem hentar vel vönnum og óvönnum hestamönnum. Ferðapjónustan í Syðra-Langholti er einn hlekkur í sterki keðju í ferðapjónustunni í Hrunamannahreppi. Þess má til gamans geta að dóttir þeirra Ásdís Erla rekur myndarlegt hótél ásamt eiginmanni sínum Yngva Ragnari Kristjánssyni við Mývatn en það heitir Selhótél og er í gamla Skútustaða-hreppnum.

## **Forsetinn í heimsókn**

Forseti Íslands kom í stutta óformlega heimsókn á Flúðir á dögnum. Forsetinn var að skoða og kynna sér nútíma ylrækt. Fyrst heimsótti hann Flúðasveppi en þar ræður ríkjum formaður Sölufélags garðyrkjumanna Georg Ottósson. Nú er framleitt um 12 tonn af sveppum á viku. Þá fór forsetinn einnig í heimsókn í Garðyrkjustöðina á Melum til þeirra hjóna Helgu Karlsdóttur og Guðjóns Birgissonar. Á Melum er framleitt um 300 tonn af tómötum á ári. Óhætt er að kalla yl- og garðyrkjuræktina hér um slóðir græna stóriðju. Með forsetanum í för var eiginkona hans Dorrit Musaeff og hundurinn Sámur sem ættaður er úr Rangárþingi og heitir eftir hundi Gunnars á Hlíðarenda.

## **Söngelsk ungmenni**

Sú skemmtilega hefð hefur skapast á öskudaginn að ungmenni koma í stofnanir og fyrirtæki og syngja. Launin eru gjarnan eitthvað gott í munninn. Þarna voru efnilegir söngvarar og er greinilegt að kórarnir okkar verða ekki í vandræðum með söngkrafta í framtíðinni. Eldri kynslóðin í Félagsmiðstöðinni undirbýr hins vegar sönglagakeppni Félagsmiðstöðvarinnar sem haldin verður í Árnese um næstu mánaðarmót.

## **Frí nestismjólk í skólanum**

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkti að ekki yrði innheimt fyrir svo-kallaða „nestismjólk“ fram til loka þessa skólaárs. Tillaga um þetta kom frá fræðslunefnd og skólastjórnendum og féll tillagan í góðan jarðveg hreppsnefndarinnar. Nú verður í gildi gamalt slagorð „mjólk er holl, af henni þarf ekki að borga toll“. Mjólkurbúið hefur komið upp sérstökum „maskínum“ í skólunum til þess að hvetja til mjólkurdrykkju og er það vel.

## **Bakkatúnsvegur og íbúðir fyrir aldraða**

Mikið hefur verið fjallað um uppbyggingu íbúða fyrir aldraða hér í Hrunannahreppi og þykir mörgum hægt ganga. Til þess að hægt sé að hefja þessa uppbyggingu þarf að ganga frá svokölluðum Bakkatúnsvegi. Um ræðu um veginn má rekja allt til ársins 1988 og því miður stendur enn stendur styr um veginn. Hreppsnefnd hefur samþykkt að málið fari fyrir matsnefnd eignarnámsbóta, þar sem samþykkt hefur verið að taka landið eignarnámi. Hreppsnefnd hefur í samvinnu við Vegagerðina ákveðið að þvervegir annars vegar við veitingahúsið Útlagann og hins vegar í landi Reykjabakka falli ekki undir eignarnámið. Þessir þvervegir voru teiknaðir af Vegagerðinni þegar þeir sáu um málið fyrir hreppsnefnd en með laga-breytingum um áramótin 2007 og 2008 breyttust lög þannig að Vegagerðin sagði sig frá málinu. Eftir stendur hins vegar að vegurinn er inná vega-áætlun og því fylgir fjárveiting að upphæð kr. 30.000.000. Hins vegar er ekki hægt að ráðast í framkvæmdir fyrr en öll formsatriði eru komin á hreint. Vonast er til að þetta langdregna mál komist á hreint fyrr en síðar þó enn sé verið að gera athugasemdir við eignarnámið en það á annars vegar við um 270 m<sup>2</sup> og hins vegar um 2150 m<sup>2</sup>. Hins vegar virðist þokkaleg sátt um 4.600 m<sup>2</sup> til viðbótar sem fara undir veginn. Þannig að hér er ekki um gríðarlegt landsvæði að ræða en vissulega sker það landið á þessum slóðum og breytir umferð og umhverfi en opnar einnig möguleika á góðu bygg-ingarlandi í nágrenni Flúða. Í Njálu stendur að allt sem er gjört orkar tví-mælis en það er aldeilis tímabært að fá niðurstöðu í þetta mál á hvern hátt sem sú niðurstaða fer.

## **Íbúð fyrir aldraða laus**

Aldrei þessu vant er ein íbúð laus í Heimalandi fyrir aldraða. Íbúðirnar eru fyrst og fremst hugsaðar fyrir aldraða. Ef engar umsóknir berast fyrir 1. apríl er hugsanlegt að íbúðin verði leigð á frjálsum markaði. Sú leiga yrði að vísu með þeim hætti að þegar umsókn berst frá öldruðum verður hugsanlegur leigjandi að víkja og við gerum okkur einnig grein fyrir því að mis-munandi þarfir eru hjá fólki á leigumarkaði og þess vegna vonumst við svo sannarlega til að einhver eldri borgari sæki um íbúðina.

## **Glæsilegt hjónaball**

Árlegt hjónaball í Hrunamannahreppi var haldið í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 7. mars s.l. Að vanda var glens og glaumur þar sem „síðpilsin sviptust“ þegar Labbi í Glóru steig á svið með hljómsveit sinni Karma. Labbi var einn vinsælasti poppari Suðurlands í eina tíð og spilaði þá oft hér á Flúðum með hljómsveitinni Mánum og ef ritstjórinn man rétt var Deidi sem heitir Björn Einarsson eins og margir vita einn að traustum aðdáendum Mána og rótari hljómsveitarinnar í hjáverkum á sokkabandaárum sínum. Skemmtiatriði voru að vanda bráðskemmtileg þar sem gert var grín að mönnum og málefnum. Það hefur lítið farið fyrir sveitarstjóra og veitustjóra síðan. Hvað mesta athygli vakti leiksigur Pálmars Þorgeirssonar en eins og menn vita eru listamannagen í Hrafnkelsstaðaættinni. Hann var í hlutverki oddvítans sem var með þingmanninn í maganum. Daginn eftir spratt þingmaðurinn fram en eins og alþjóð veit verður Sigurður Ingi, oddviti vor, oddviti Framsóknarmanna í kosningunum nú í vor. Óhætt er að segja að hjónaballsnefndin hafi skilað starfi sínu með þryði undir styrkri stjórn formannshjónanna Ástu Oddleifsdóttur og Ólafs Stefáns-sonar. Næstu formannshjón eru Halla Gunnarsdóttir og Hjálmar Pétursson.

## **Líf og fjör í íþróttahúsinu**

Óhætt er að segja að líf og fjör sé í íþróttahúsinu okkar. Ungu fólkið stundar íþróttirnar að miklum mætti. Körfuknattleiksmennirnir okkar standa sig með þryði. Óformlegt íþróttafélag hefur verið stofnað undir stjórn húsvarðarins Hjálmars Gunnarssonar en það er Bandyfélag Hrunamanna. Verið er að undirbúa leik milli bandymanna úr Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Bandyfélagsins í Hrunamannahreppi. Þá hefur einnig verið góð aðsókn að tækja-salnum að undanfögnu. Sumir þakka það undirbúningi undir hjónaballið en þá er um að gera að halda æfingunum áfram. Fólk er hvatt til þess að nýta sér sundlaugina og íþróttahúsið. Nú er ljóst að körfuknattleikslíðið okkar mun áfram keppa í 1. deild Íslandsmótsins á næsta ári.

## **Uppfærð vefsíða**

Á þessu ári höfum við verið að uppfæra vefsíðuna okkar <http://fludir.is>. Mein-ingin er að hafa hana meira lifandi en hún hefur verið að undanfögnu. Á meðan Elín Jóna Traustadóttir var starfsmaður okkar var hún mjög dugleg við að upp- færa síðuna en hún lagði grunnin að henni og er meiningin að halda því góða starfi áfram með því að birta reglulega fréttir úr starfi sveitarfélagsins. Þeir sem hafa fréttir fram að færa eða vilja birta smáauglýsingar á síðunni er bent á að senda þær á netfangið: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)

## Frí nestismjólk í skólanum

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkti að ekki yrði innheimt fyrir svokallaða „nestismjólk“ fram til loka þessa skólaárs. Tillaga um þetta kom frá fræðslunefnd og skólastjórnendum og féll tillagan í góðan jarðveg hreppsnefndarinnar. Nú verður í gildi gamalt slagorð „mjólk er holl, af henni þarf ekki að borga toll“. Mjólkurbúið hefur komið upp sérstökum „maskínum“ í skólunum til þess að hvetja til mjólkurdrykkju og er það vel.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað      Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun   Handsnyrting*  
*Fótsnyrting   Förðun   Vaxmeðferðir*  
*Tímabantanir í síma 566-8342*  
*og 856-1599(Hlíf)*



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



## Félagsþjónusta í uppsveitum Árnessýslu og Flóa

### Félagsleg heimaþjónusta:

Lifandi og skemmtilegt starf.

Óskað er eftir að ráða einstakling í allt að 25-40 % starf og til afleysinga í félagslega heimaþjónustu. Starfið felst í heimilis-hjálp og ýmis konar þjónustu í heimahúsum. Leitað er eftir jákvæðum og hressum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt.

Greidd eru laun skv. kjarasamningi Félags opinbera starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.

Nánari upplýsingar gefa Nanna Mjöll Atladóttir, félagsmála-stjóri og Sigrún Símonardóttir hjá Félagsþjónustu uppsveita Árnessýslu og Flóa, Heilsugæslustöðinni í Laugarási, í síma: 480-5300.

---

### Blómadropar hvað er það?


Mig langar að gefa ykkur smá hugmynd um hvað blómadropar eru.

Íslenskir blómadropar Kristbjargar hafa að geyma innsta eðli ferskrar og óspilltrar náttúru landsins. Þeir innihalda íslenskt vatn og tíðni eða útgeislun plantnanna, lífsorku plantnanna. Það er þessi orka sem við sækjumst eftir, okkur til hjálpar og heilunar, það má segja að þeir séu nokkurs konar orkudropar. Blómadroparnir hafa áhrif á tilfinningar, líkama, huga og sál. Þeir hjálpa t.d. mjög vel gegn kvíða , áhyggjum, spennu, svefnerfiðleikum og hjálpa okkur að umbreyta erfiðum tilfinningum í léttleika, gleði, frelsi og kærleika. Þeir koma jafnvægi á orkuna okkar. Blómadropana er hægt að kaupa í tilbúnum blöndum og einnig blanda þerapistarnir sérstaklega fyrir hvern og einn. Ég útskrifaðist sem blómadropaþerapisti, úr Blómadropaskóla Kristbjargar skóla ljóss og friðar, í desember 2008. Nánari upplýsingar og tímabantanir Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir s.868-5751 [fis@uppsveitir.is](mailto:fis@uppsveitir.is)



**Pizza**

**Golf**



Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í **mars og apríl** sem hér segir:

**Föstudagar í mars frá kl. 17.00 til 20.30.**

**Laugardagar í mars frá kl. 13.00 til 20.30.**

**Föstudaginn 3. apríl frá kl. 17.00 til 20.30.**

**Laugardaginn 4. apríl frá kl. 13.00 til 20.30.**

**Opið 11., 12. og 13. apríl (annar í páskum) frá kl. 13.00 til 20.30.**

*Lokað á sunnudögum að páskadegi undanskildum. Lokað laugardaginn 21. mars vegna einkasamkvæmis og föstudaginn 10. apríl vegna fermingar.*

Hægt er að leika á golfvellið á vetrarflötum, ef veður leyfir. Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

**Geymið auglýsinguna!**

**Verið hjartanlega velkomin!**

**Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli**

**Sími 486-6454**

**Heimasíða: [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is)**

**Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)**

# Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufraeðingur*

*Sími: 858-3399*

*[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)*

---

“Prjónakvöld“ á Grund

Annan hvern mánudag frá 20:00-22:00.

Hvetjum konur til að koma með prjónana eða aðrar hannyrðir og eiga saman góða stund.

Boðið er upp á kaffi og meðlæti á 500 kr

Næst hittumst við 23.mars, en auglýsum einnig í búðinni fyrir helgi þess mánudags sem við á.

Hlökkum til að sjá ykkur

Skipuleggjendur

## Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

<b>Mánudaga</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Fimmtudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>

### **ATHUGIÐ: LOKAÐ MÁNUDAGSKVÖLDIÐ 23. MARS**

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Vinsamlegast munið að skila bókum.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J** !

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

## Frá unglíngadeildinni Skúla

Félagsmenn frá Kiwanisklúbbnum Gullfossi komu færandi hendi til okkar um daginn með 100.000 kr. Þökkum við þeim kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf. Það er ómetanlegt fyrir okkar starf að fá svona gjöf.

Nú í febrúar voru teknir inn nýir meðlimir og bættist við hópur af efni-  
legu ungu fólki í deildina.

Starfið hjá deildinni gengur vel og stendur mikið til á árinu. Fyrir utan okkar vanalega starf er stefnt að því, á næstu vikum að fara í heim-  
sókn til unglíngadeildarinnar í Vestmannaeyjum og í æfingarferð með öllum unglíngadeildum á Suðurlandi, á Gufuskála en þar er æf-  
ingarsvæði Landsbjargar. Svo í sumar verður farið á Landsmót unglíngadeilda í Hnífsdal.

Þar sem annar af umsjónamönnum er farin í barneignarleyfi, hafa nýir umsjónamenn komið til aðstoðar en það eru þau Baldur Örn Samúelsson, Auður Grétarsdóttir og Hjördís Bára Sigurðardóttir. Hægt er að fylgjast með starfi deildarinnar á slóðinni

<http://ud-skuli.blogcentral.is/>

fyrir hönd Unglíngadeildarinnar Skúla

Halldóra Fossi.

## Árshátíð eldri Hrunamanna 2009

Árshátíð eldri Hrunamanna verður haldin fimmtudaginn 19. mars n.k. á Hótel Flúðum. Húsið opnar kl. 19.00 og borðhald hefst kl. 19.30. Glens og gaman, höfum góða stund saman. Miðaverð er 3.500 kr./mann og greiðist við innganginn.

Miðapantanir berist til eftirfarandi í síðasta lagi fyrir sunnudagskvöldið 15. mars:

Anna Matthíasdóttir – 486-6614

Loftur Þorsteinsson – 486-6715 / 863-7915

Guðbjörg Björgvinsdóttir – 486-6670 / 893-3674

Stjórnin.



---

Kæru vinir

Þann 19.mars verður bóndinn á bænum 50 ára og kominn í heldri manna tölu **J**

Hann ber nú aldurinn bara nokkuð vel og hress miðað við aldur og fyrri störf.

Af þessu tilefni býður hann til veislu á Kaffi Seli (Golfskálinn Efra - Seli)

þann 21.mars kl:20:00.

Okkur þætti vænt um ef þið gætuð þegið boð okkar og glaðst með okkur á þessum tímamótum.



Kær kveðja Hjálmur og Halla  
Borgarási



# LANDSTÓLPI

leiðandi fyrirtæki  
á landsbyggðinni

## Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa  
og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa,  
Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið,  
Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið ávallt velkomin

### Kálfafóður



### Vitalic - hestakögglar



Fjölbreytt úrval festinga

Eigum ávallt á lager milligerðir,  
átgrindur, milligrindur,  
þriggjaröragrindur, steinbita,  
gúmmimottur og renninga ásamt  
fleiru í fjósið.



**480 5600**

**landstolpi.is**

### Rafmagnsgítarpakki til sölu:

Hef til sölu svo til ónotaðan **Squier Strat Frontman** rafmagnsgítarpakka. Með honum fylgja 230V Fender magnari, ól og snúra.

Auk þessa standard pakka fylgir flottur, ónotaður 99 effecta **Digitech RP50** hljóðeffect svo hægt sé að rokka þakið af húsinu.

Allt þetta á 35.000 kr (kostar 42.900 kr nýtt og án effectsins).

Tilvalið fyrir byrjendur sem og lengra komnar rokkstjórnur framtíðarinnar.



Upplýsingar veitir Bjarki í síma 869-4239 eftir kl 17:00

### ATHUGIÐ

Er að leita að gömlum „þvottapotti“ (stór rafmagnspottur). Ef þú skyldir eiga einn sem þú ert tilbúin(n) að láta frá þér hafðu þá endilega samband í síma 865-6709 eða á netfangið [kristinerla@fludaskoli.is](mailto:kristinerla@fludaskoli.is). Tek einnig á móti ýmsum eldhúsáhöldum sem vantar á skaft **J**

Til sölu nautakjöt af holdagripum. Kjötið er úrbeinað og vacumpakkað tilbúið beint í kistuna. Gripurinn er seldur í heilum og hálfum skrokkum og einnig fjórðung úr skrokk. Upplýsingar í síma 8226617 Valdís

Íbúð til leigu á Flúðum  
Hentar vel einstaklingi eða pari  
Upplýsingar í síma: 868 1245 eða 860 7041

# Samkaup strax

## Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

**Óskum eftir að ráða fólk  
til starfa í sumar.**

**Upplýsingar gefur Verslunarstjóri  
á staðnum.**

## Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga:	16:00-21:00
Laugardaga:	10:00-18:00
Sunnudaga:	13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Taktu þér tak með  
Herbalife.

Hringdu og fáðu frían  
prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir  
Sjálfstæður dreifingar-  
aðili Herbalife.

[siljal@simnet.is](mailto:siljal@simnet.is) / 892

16

6728



í síma:

### **Hár-Hrun**

Klippi í Félagsheimili Hruna-  
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665.**

Ingá Birna.



# Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar

---

## UMFH tíðindi

Aðalfundur Ungmennafélags Hrunamanna fer fram þann  
29. mars og hefst kl 20:30.

Síðan styttist í að heimasíða UMFH, [hrunamenn.is](http://hrunamenn.is) fari í  
loftið. Þeir sem eru áhugasamir um að setja efni eða  
auglýsingar á síðuna hafi samband við stjórn UMFH,  
Kristján [Geir, stjanigu@simnet.is](mailto:Geir.stjanigu@simnet.is) Árni Þór gsm 849 3870  
[arni15@hive.is](mailto:arni15@hive.is) og Halldóra Hjörleifs gsm 892 1276  
[fossari@simnet.is](mailto:fossari@simnet.is)

Stjórnin

Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13  
Sími: 533 2211

**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Skútu-  
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-  
daga til föstudaga kl. 13:00, Á  
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



# Er bíllinn orðinn óhrein ??



Tek að mér að þrifa og bóna bíla af öllum stærðum og gerðum innan sem utan.

Góð og vandvirk þjónusta, nota einungis góðar og viðurkenndar vörur. Get sótt bíla ef þess sé óskað.

## Verðskrá:

Þvottur og bón:	Fólksbíll: 4000.-	Jeppar: 5000.-
Alþrif og bón:	5900.	6900.-
Alþrif án bóns:	4000.-	5000.-

**Sími: 8677021**  
**Björgvin**


## Körfuboltafréttir

Starf körfuboltadeildarinnar er nú á fullu skriði og margt skemmtilegt framundan. Krakkarinn eflast, styrkjast og standa sig ótrúlega vel. Hjá okkur ríkir mikil gleði og kærleikur **J** Við erum óskaplega heppin að eiga svona duglega og kraftmikla krakka. Unglingarnir okkar æfa af miklum krafti og búa sig undir seinni hluta Íslandsmóta. Hafdís og Guðrún Edda voru boðaðar á æfingar með landsliðshóp milli jóla og nýárs þar sýndu þær sýnar sterkustu hliðar. Þessar sömu stúlkur eru einnig á venslasamningi hjá Breiðablik en þar spila þær af fullum krafti með 9.flokki kvenna þar sem Karl Hannibalsson (Kalli okkar) ræður ríkjum. Framundan eru síðan skemmtileg HSK mót í flestum flokkum. Meistaraflokkur karla er einnig á fleygiferð eins og vanalega. Þeir standa sig sérlega vel inn á vellinum og eru búnir að tryggja sér stöðu í 1.deildinni næsta tímabil. Sá merkilegi atburður átti sér stað að í fyrsta skipti, í sögu UMFH var leikmaður úr röðum Hrunamanna valinn í Stjörnulið KKÍ. Leikmaðurinn heitir Caleb Holmes. Stjörnuliðið sigraði landsliðið og stóð okkar maður sig frábærlega. Ekki er nóg með að strákarnir standi sig vel á vellinum heldur leggja þeir líka mikla vinnu á sig utan vallar í þágu deildarinnar. Mögnuð stemmning hefur myndast á heimaleikjum okkar þar mæta ungir sem aldnir og standa þétt við bakið á strákuunum okkar. Við erum lánsöm því nokkur fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt metnaðarfullan stuðning við okkur. Flúðasveppir, með Georg Ottósson í fararbroddi, ákvað að standa þétt við bakið á 1. deildar liði okkar með háum fjárstyrk. Án þessa stuðnings hefði verið nánast ógerlegt að halda úti 1. deildar liði en með styrknum vill Georg efla öflugt íþróttastarf hjá okkur. Fyrirtækið Landstólpi, í eigu Arnars Bjarna og Berglindar í Gunnbjarnarholti, ákvað líka að standa þétt við bakið á okkur og stóð straum af kostnaði við kaup á glæsilegum búningasettum og upphitunartreyjum fyrir körfuboltadeildina. Það er gaman að segja frá því að mjög margir krakkar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi æfa af fullum krafti með okkur. Það finnst okkur sérlega ánægjulegt **J**

Með ósk um gleði og gæfu, farsæld og frama á nýju ári.

Stjórnin





## Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps 2009



Aðalfundur Kvenfélagsins verður haldinn þriðjudaginn  
17. mars kl. 20:30 í Huppusal Félagsheimilis Hrunamanna.  
Venjuleg aðalfundastörf.

Kosið verður um gjaldkera og 3 meðstjórnendur.  
Arnfríður Jóhannsdóttir gefur áfram kost á sér til starfa sem gjaldkeri.

Félagskonur hvattar til að mæta vel  
þar sem mörg mikilvæg mál liggja til afgreiðslu.  
Nýir félagar ávallt velkomnir.

Anna Kr. Ásmundsdóttir formaður  
Arnfríður Jóhannsdóttir gjaldkeri  
María Magnúsdóttir ritari.

### VÍGSLA!!!!

Reiðhöllin í Torfdal verður vígð sunnudaginn  
19. apríl kl 14:00  
Nánar auglýst síðar  
Nefndin



### ATVINNA


Vantar vinnukraft í sumar í Gistiheimilið Syðra Langholti  
Upplýsingar í síma 861 6652  
Vigdís

***Skrifstofa Hrunamannahrepps  
Opnunartími hreppsskrifstofu  
Mánudaga til föstudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00***

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar verður haldinn í húsi  
félagsins sunnudaginn 29. mars kl. 14:00. Venjuleg aðalfundar-  
störf. Sitjandi stjórn gefur kost á sér til áframhaldandi setu.

Stjórnin

# Frá Skálholtsskóla



Skálholtsskóli óskar eftir  
starfsfólki  
til almennra hótélstarfa frá  
1. maí n.k.

Um er að ræða  
fram tíðarstörf en einnig  
sumarafleysingar.

Umsóknareyðublöð á  
heimasíðunni [skalholt.is](http://skalholt.is)

Upplýsingar í síma 486-  
8870 eða 899-3532, netfang  
[skoli@skalholt.is](mailto:skoli@skalholt.is)

Söngleikur Mímis, nemendafélags Menntaskólans að Laugarvatni

# MEÐ FIDRANG Í MAGA

Frumskýning	13. Mars	Aratunga - Reykholti	16:00	Uppselt!
2. Sýning	15. Mars	Aratunga - Reykholti	16:00	
3. Sýning	16. Mars	Félagsheimilið - Flúðir	20:00	
4. Sýning	18. Mars	FSU - Selfoss	20:00	
5. Sýning	20. Mars	Leikskálar - Vík	20:00	
6. Sýning	21. Mars	Hvolur - Hvolsvöllur	16:00	
7. Sýning	22. Mars	Völundur - Hveragerði	16:00	
8. Sýning	24. Mars	Bæjarleikhús - Mosfellsbær	20:00	

Miðaverð: 2000 fyrir 16+

1000 fyrir 15 og yngri

Frítt fyrir 6 ára og yngri

Forsala er í síma 693-2168







Hjónaballið 2009

Ljós. SigSigm

